

Nd. **546. Frumvarp til laga** [270. mál]
um breyting á lögum nr. 112 frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila
fyrir börn.

Flm.: Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein:

Gerð verði námsskrá á vegum menntamálaráðuneytisins, er kveði nánar á um
markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila, er
að uppeldis- og skólamálum vinna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með gjörbreyttum þjóðfélagsháttum á síðustu áratugum stækkar í sífellu sá hópur barna, sem dvelst á dagvistarheimilum fyrstu ár ævi sinnar. Dagvistarheimili, leikskólar og skóladagheimili eru orðin ríkjandi þáttur í lífi þúsunda íslenskra barna, einkum hin tvö fyrst nefndu, enda vinnur meiri hluti foreldra utan heimilis. Dagvistarheimilin hafa því að verulegu marki tekið við því uppeldisstarfi, sem áður var unnið á einkaheimilum. Til dæmis má geta þess, að af 7880 börnum undir 6 ára aldri í Reykjavík, miðað við 1. des. 1979, eru 3244 börn á dagvistarheimilum í borginni, auk 220 barna á skóladagheimilum, eða 41.2% reykviskra barna undir 6 ára aldri. Er þó þörf hvergi nærri fullnægt.

Forstöðumenn dagvistarheimila og annað starfslið, er annast fósturstörf, skal hafa lokið námi við Fósturskóla Íslands. Mikill skortur hefur verið á sérmenntuðu fólki á dagvistarheimilum, enda er hér um vandasamt og illa launað starf að ræða. Þó hefur í æ meira mæli verið rætt um að sú ábyrgð, sem lögð er á herðar þessara starfsmanna, vegi þyngra en annað er að starfskjörum þeirra lýtur. Einkum telja fóstrur að á skorti um stefnumið í því uppeldisstarfi sem þeim er ætlað að leysa af hendi. Starfsmenn hvers heimilis reyna að móta sér vinnuáætlun, en engin slík stefnumótun hefur verið unnin í heild. Er talið að löngu sé komið að því, að gerð sé námsskrá fyrir dagvistarheimili, er starfsmenn geti stuðst við.

Á vegum Norðurlandaráðs hefur starfshópur verið að störfum um nokkurra ára skeið við að móta stefnu í málefnum dagvistarheimila, og er fulltrúi Íslands þar Svandís Skúladóttir, starfsmaður menntamálaráðuneytisins. Niðurstöður þeirrar vinnu munu ekki liggja fyrir að sinni, enda ástæðulaust að bíða eftir þeim. Íslendingar eru vafalítið fullfærir um að skila slíku starfi fyrir sitt leyti, enda gæti slík námsskrá sem hér um ræðir verið tillag Íslands til hins norræna starfshóps.

Í stjórnarnefnd dagvistarheimila Reykjavíkurborgar kom fram sú hugmynd, að settur yrði starfshópur til þess verks að gera tillögur um innra starf dagvistarheimila. Félagsmálaráð Reykjavíkurborgar samþykkti hinn 18. október 1979 að skipa nefnd, er það verk skyldi vinna. Þorbjörn Broddason lektor var formaður þeirrar nefndar, en aðrir í henni voru Arna Jónsdóttir, fóstura, Ingibjörg K. Jónsdóttir, fóstura, Elín Torfadóttir, fóstura, og Bessi Jóhannsdóttir, kennari. Nefndin skilaði ýtarlegum tillögum, sem þegar hafa hlotið afgreiðslu í borgarstjórn Reykjavíkur. Í greinargerð starfshópsins segir m. a. (á bls. 3 í skýrslunni):

„Dagvistarheimili eru ríkjandi þáttur í þjóðfélagsmynd ofanverðrar tuttugustu aldar. Þau eru ekki og munu ekki verða fullkomin, fremur en önnur mannanna verk. Á hinn bóginn er skylt að gera þeim að minnsta kosti jafnhátt undir höfði og öðrum skipulags- og varnarúrræðum velferðarþjóðfélagsins. Fyrr á tímum var það algengt neyðarúrræði fátækra foreldra að láta börn sín frá sér í hendur vandalausra. Á okkar dögum eru rík skilyrði til þess að njóta góðs af umönnun vandalausra á þann hátt, að líf allra aðila málsins verði auðugra en ella. Í þeim anda er eftirfarandi greinargerð skrifuð...“

Í skýrslunni eru gerðar tillögur um menntun starfsfólks, samvinnu þess og foreldrasamstarf, blöndun aldurshópa, fjölda barna á deildum, sveigjanlegan startstíma, tengsl dagvistarheimila og skóla, skóladagheimili, gjaldskrá og umhverfi. Er hér um að ræða brautryðjendastarf, sem tvímælalaust á eftir að reynast giftudrjúgt. Eitt af því, sem nefndin lagði áherslu á, er einmitt, að „menntamálaráðuneytið útbúi í samráði við dagvistarheimilin námsskrá sem þau gætu haft til hliðsjónar“.

Menntamálaráðuneytið hefur unnið vel og farsælega að uppeldisskilyrðum barna á grunnskólaaldri, en hinu skyldi ekki gleymt, að lengi býr að fyrstu gerð. Það getur því varla talist vafi á, að mikil nauðsyn er á námsskrá til handleiðslu fyrir þá, sem annast uppeldi yngstu barnanna. Að þeim málum verður að vinna eins vel og kostur

er, og vanræksla þar getur haft hörmulegar afleiðingar. Þetta er engum ljósara en starfsfólki dagvistarheimila, og því finnur það þunga ábyrgð hvíla á herðum sér. Það er skylda yfirvalda menntamála, sem fara með málefni dagvistarheimila, að koma þarna til liðs.